Endurskoðunarnefnd Isavia ohf.

Hlutverk og starfáætlun

A. Markmið og stefna

Markmið endurskoðunarnefndar Isavia ohf. er að starfa samkvæmt íslenskum lögum og reglum og góðum stjórnarháttum. Endurskoðunarnefnd er skipuð af stjórn Isavia ohf til að sinna tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórnarinnar. Endurskoðunarnefndin á að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka traust og öryggi á fjárhagslegum upplýsingum.

Aðal hlutverk endurskoðunarnefndar er:

- mat á eftirlitsumhverfi félagsins.
- greining á virkni innri endurskoðunar, eftirlit með framkvæmd endurskoðunar og gerð tillögu um val á ytri endurskoðanda í samráð við Ríkisendurskoðun skv.7.gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings, ásamt mati á óhæði endurskoðanda.
- mat á virkni áhættustefnu, -vilja og -stýringu.
- tryggja fylgni við gildandi lög og reglur.

Til þess að sinna þessu hlutverki á endurskoðunarnefnd að koma á fót beinum samskiptum á milli stjórnar félagsins, yfirstjórnar og innri og ytri endurskoðanda.

Viðfangsefni endurskoðunarnefndarinnar eftir því sem við á nær ennfremur til dótturfélaga ISAVIA hf. sem er:

- Fríhöfnin ehf.
- Tern System ehf.
- Domavia ehf.
- Suluk APS.

Starf endurskoðunarnefndar félagsins hefur ekki áhrif á ábyrgð stjórnar og stjórnenda á rekstri félagsins samkvæmt lögum.

B. Heimildir endurskoðunarnefndar

Til að sinna hlutverki sínu eru endurskoðunarnefnd veittar eftirfarandi heimildir:

B.1. Afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar, sem endurskoðunarnefndin telur nauðsynlega til að sinna sínu hlutverki. Kostnaður vegna ráðgjafa skal samþykktur fyrirfram af forstjóra félagsins.

B.2. Gera kröfu um að viðkomandi starfsfólk taki þátt í fundum og veiti þær upplýsingar sem óskað er eftir af nefndinni. Þá skulu starfsmenn félagsins hafa óheftan aðgang að endurskoðunarnefnd, m.a. til að tilkynna grun um óreiðu og vafasöm atriði í rekstri félagsins.

V.U.

NMG

B.3. Fá ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem endurskoðunarnefndin telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.

B.4. Annað sem nauðsynlegt telst til að nefndin geti sinnt verkefnum sínum.

C. Skipulag

C.1. Stjórn Isavia skipar nefndarmenn og formann endurskoðunarnefndar. Nefndarmenn eru skipaðir eigi síðar en mánuði eftir að ný stjórn félagsins tekur til starfa. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og stjórnarinnar. Stjórn getur þó breytt skipunartíma nefndarinnar.

C.2. Endurskoðunarnefndin skal skipuð þremur aðilum hið minnsta, a.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður félaginu og starfsfólki þess.

C.3. Sérhver nefndarmaður skal hafa þekkingu á fjármálum og að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði endurskoðunar eða reikningsskila.

D. Fundarstörf

D.1. Aðeins nefndarmenn endurskoðunarnefndar eiga kröfu á að vera viðstaddir á fundum nefndarinnar. Bjóða má öðrum einstaklingum utan nefndar á fundi – t.d. ytri og innri endurskoðendum, forstjóra félagsins og framkvæmdastjórum dótturfélaga.

D.2. Endurskoðunarnefndin skal halda fundi eftir þörfum. Halda skal minnst tvo fundi í tengslum við gerð ársreiknings félagsins. Einnig skal nefndin halda a.m.k. einn fund hverju sinni ef gerð eru ársfjórðungs- eða hálfsársreikningsskil.

D. 3. Færa skal fundargerð af öllum fundum. Skal hún lögð fram til samþykktar á næsta fundi nefndarinnar. Fundargerðir nefndarinnar skulu sendar til stjórnar eftir samþykki.

D.4. Árlega skal endurskoðunarnefndin eiga fund með stjórn félagsins þar sem m.a. nefndin leggur fram skýrslu um störf liðins árs. Ennfremur ef aðilar óska eftir að haldinn sé fundur um sérstök mál er varða viðfangsefni nefndarinnar.

E Hlutverk og ábyrgð

Eitt af hlutverkum endurskoðunarnefndar er að vera í beinum samskiptum við stjórnendur félagsins og innri- og ytri endurskoðanda. Samskiptin eiga að skapa grunn að reglulegu mati endurskoðunarnefndarinnar á innri vinnuferlum félagsins.

Stjórnendur félags

E.1. Endurskoðunarnefndin skal meta störf stjórnenda við innleiðingu á virku og fullnægjandi eftirlitsumhverfi.

E.2. Endurskoðunarnefndin skal kynna sér viðhorf stjórnenda til eftirlits með upplýsingakerfum, þar með talið að leggja mat á umfang almenns eftirlits.

E.3. Endurskoðunarnefndin skal afla sér upplýsingar frá innri- og ytri endurskoðanda um innleiðingu tillagna þeirra til úrbóta og eftirfylgni ásamt tillögum stjórnenda til úrbóta.

E.4. Endurskoðunarnefndin skal yfirfara stefnu félagsins gagnvart áhættustýringu og koma fram með athugasemdir til stjórnar ef þörf þykir.

E.5. Endurskoðunarnefndin skal yfirfara reglubundnar skýrslugerðir stjórnenda til stjórnar, ásamt því að meta úrlausnir á verulegum álitaefnum varðandi gerð reikningsskila.

Innri endurskoðandi

E.6 Endurskoðunarnefnd skal setja fram tillögu til stjórnar um val á innri endurskoðanda og þóknun fyrir störf hans.

E.7. Endurskoðunarnefnd skalyfirfara hina árlegu endurskoðunaráætlun og meta umfang hennar með hliðsjón af aðstæðum félagsins.

E.8. Endurskoðunarnefnd skal yfirfara störf innri endurskoðunar og fyrirkomulag innri endurskoðunar, ásamt því að meta hæfni og fagleg úrræði.

Ytri endurskoðandi

Varðandi tengsl við ytri endurskoðanda skal endurskoðunarnefndin:

E.9. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda og þóknun.

E.10. Yfirfara hina árlegu endurskoðunaráætlun og meta umfang hennar með hliðsjón af aðstæðum félagsins.

E.11. Eiga viðræður um verulegar athugasemdir endurskoðanda og tillögur til úrbóta, þar með talið val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum.

E.12. Yfirfara bréf og skýrslur endurskoðenda til stjórnenda áður en þau eru lögð fyrir stjórn félagsins.

E.13. Samþykkja þóknun fyrir endurskoðunina og önnur störf endurskoðanda sem fela ekki í sér endurskoðun.

E.14. Afla staðfestingar á óhæði endurskoðanda, og leggja mat á almenna hæfni endurskoðanda til að mæta kröfum félagsins varðandi endurskoðun árs- og árshlutareikninga.

F. Áhættustýring

F.1. Endurskoðunarnefndin yfirfari árlega áhættustefnu félagsins og geri athugasemdir til stjórnar félagsins ef þörf þykir.

F.2. Endurskoðunarnefndin yfirfari og leggi mat á áhættuvilja félagsins.

N.H.

NMG

F.3. Endurskoðunarnefndin skal leggja mat á hvort áhættustýring félagsins styðji við áhættustýringu þess sem samþykkt er af stjórn félagsins.

F.4. Endurskoðunarnefndin skal leggja mat á hvort skýrslugerð áhættustýringar tryggi eftirfylgni og úrvinnslu þeirra ráðstafana sem eru tilgreindar til að draga úr áhættu.

G. Annað

G.1. Endurskoðunarnefnd skal gera stjórn grein fyrir sviksemismálum sem koma til hennar vitundar, þar sem grunur eru um brot á lögum, reglum eða reglugerðum eða tilvikum þar sem innra eftirlit hefur brugðist.

G.2. Stjórn félagsins er heimilt að fela endurskoðunarnefnd að fylgjast með úrbótum í kjölfar ábendinga ytri eða innri endurskoðanda sem stjórn hefur fallist á.

G.3. Stjórn félagsins getur óskað eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varðar félagið.

H. Mat

H.1. Endurskoðunarnefndin skal sjálf einu sinni á ári meta störf einstakra nefndarmanna og nefndarinnar í heild.

H.2. Endurskoðunarnefndin skal árlega meta starfshætti nefndarinnar, með það fyrir augum að meta þörf fyrir breytingar á þeim.

H.3. Stjórn félagsins skal á hverju ári yfirfara og samþykkja starfsáætlun nefndarinnar.

I. Hæfi nefndarmanna, trúnaðar- og þagnarskylda og önnur atriði

I.1. Nefndarmenn eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um öll störf sín á vegum nefndarinnar. Öll gögn sem aflað er vegna vinnu nefndarinnar skulu nefndarmenn fara með sem trúnaðargögn.

I.2. Nefndarmönnum er óheimilt að fjalla um mál þar sem þeir eru vanhæfir vegna tengsla við mál eða aðila. Um sérstakt hæfi nefndarmanna skal fara að lögum um sérstakt hæfi héraðsdómara.

I.3. Nefndarmaður skal almennt sjálfur meta hæfi sitt og upplýsa aðra nefndarmenn um það. Ef vafi leikur á hæfi skulu aðrir nefndarmenn taka endanlega afstöðu til hæfis.

I.4. Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja starfi sínu lausu sem nefndarmaður. Þá er meirihluta stjórnar félagsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefnd án rökstuðnings og án fyrirvara ef þurfa þykir.

I.5. Stjórn félagsins ákveður þóknun til nefndarmanna fyrsta starfsárið, en aðalfundur ákveður þóknun nefndarinnar frá og með árinu 2019.

Samþykkt á stjórnarfundi Isavia ohf. 2. júlí 2018.

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar Isavia ohf. 4. september 2018

Sig. þórmom

A. Gunnarsdóttir

Nanna M. Gunnlaugsd.